

Númer skjals:	FÁST-LBE-018
Skjalalykill:	03.05 Ferðaheimildir
Útgáfa:	5
Útgáfudags.:	01.07.2019
Síðast rýnt/næst rýnt:	01.07.2019 / 01.07.2020
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri bókhaldsskrifstofu

FÁST-LBE-018 Leiðbeiningar um ferðaheimildir varðandi ferðir starfsmanna innanlands á vegum Reykjavíkurborgar

Samkvæmt reglum er gert ráð fyrir að sviðsstjórar útbúi og samþykki ferðaheimildir vegna allra ferða starfsmanna borgarinnar innanlands. Ferðir eru eingöngu heimilaðar með samþykki sviðsstjóra eða undirmanns sviðsstjóra sem fer með stöðumboð. Kostnaður vegna ferða innanlands felst ekki aðeins í fargjaldi og dagpeningum heldur líka í launuðum tíma starfsmanna sem oftast en ekki kallar á afleysingu, sérstaklega þegar um er að ræða starfsmenn í grunnþjónustu. Undir ofangreinda skilgreiningu falla einnig ferðir sem farnar eru þó greiddar séu með styrkjum sem borgin fær. Samþykktum og undirrituðum ferðaheimildum þarf að skila inn tímanlega og a.m.k. þremur vikum fyrir brottför til Fjármála- og áhættustýringarsviðs (FÁST) fyrir öllum ferðum áður en farið er í ferðir. Nauðsynlegt er að hafa góðan fyrirvara. **Skylt er að afla ferðaheimildar áður en starfsmaður bókar ferð á vegum vinnuveitanda. Samþykkt ferðaheimild er frumskilyrði fyrir ferð.** Starfsmenn fara eftir siðareglum borgarinnar í hvívetna í ferðum sínum á vegum Reykjavíkurborgar.

Ef margir starfsmenn eru á ferðinni frá sama sviðinu dugar ein ferðaheimild fyrir slíkri ferð en nafnalisti þarf að berast með undirritaðri umsókn til FÁST. Umsókn um dagpeninga þarf að gera fyrir hvern starfsmann fyrir sig.

Í þeim ferðum sem ekki eru greiddir dagpeningar, þarf samt sem áður að skila inn samþykktum ferðaheimildum.

Nánari upplýsingar veitir Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar í síma 411 3703 og 411 3715 eða í tölvupósti [_bokhaldsfulltruar@reykjavik.is](mailto:bokhaldsfulltruar@reykjavik.is)

Frekari upplýsingar er að finna á neðangreindum slóðum:

Ferðaheimild - eyðublað:

http://innri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/svid_og_deildir/radhus/fjarmalaskrifstofa/efni/bokhald/FAST-EBL-001_Fer_aheimild.xls

Verklagsreglur um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar:

[FAST-VLR-029 Ferðaheimildir og greiðsla ferðakostnaðar](#)

Ferðakostnaður - akstursgjald og dagpeningar:

http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/starfsmenn_rikisins/kjaramal/ferdakostnadur/